

Alþingi
Erindi nr. P 135/1897
komudagur 27.3.2008



Félag háskólakennara

Háskóla Íslands, 101 Reykjavík • Sími 525 4770 • Kt. 570172-0699
Netfang fh@rhi.hi.is • Veffang <http://www.hi.is/Fel/FH>

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. mars 2008

Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um prófessorembætti kennt við Jónas Hallgrímsson.

Stjórn Félags háskólakennara hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um prófessorembætti kennt við Jónas Hallgrímsson.

Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni með að fram sé komin hugmynd um að stofna nýtt prófessorsembætti í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands.

Til að tillagan nái markmiðum sínum er þó nauðsynlegt að þessi nýja staða verði fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu svo að tryggt verði að Háskóli Íslands og hugvísindadeild þurfi ekki að skerða aðra starfsemi vegna hinnar nýju stöðu. Þá vill stjórnin benda á að varla er við hæfi að mæla svo nákvæmlega fyrir um rannsóknarsvið og pólitísk markmið hins nýja prófessors sem gert er í þingsályktunartillögunni. Auk þess er ekki víst að það sameinist auðveldlega í einum og sama prófessornum að sinna rannsóknum á sviðum félagslegra málvísinda (þ.e. „vörn og sókn fyrir íslenska tungu“) og ljóðlistar (þ.e. „ljóðrækt“) – nema að átt sé við að hinn nýi prófessor eigi fyrst og fremst að fást við rannsóknir og kennslu á sviði skapandi orðlistar, og þá einkum ljóðlistar. Ef svo er mætti kveða eindregið á um það í tillögunni.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Félags háskólakennara


Fanney Úlfjótisdóttir
framkvæmdastjóri